

FUNDARGERÐ FÉLAGSMÁLARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

148. fundur félagsmálaráðs, haldinn þriðjudaginn 8. júlí, 2014 kl. 10.00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Sigrún Birna Gunnarsdóttir, formaður, Maríanna Eva Ragnarsdóttir, varaformaður, Guðmundur Haukur Sigurðsson, aðalmaður, Sigríður E. Ársælsdóttir, aðalmaður, Þorleifur Karl Eggertsson, aðalmaður.

Embættismenn:

Esther Hermannsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála og stjórnarsýslusviðs

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir

Formaður setti fund og bauð nýtt félagsmálaráð velkomið til starfa.

Dagskrá:

1. Erindisbréf félagsmálaráðs Húnaþings vestra
2. Lagðar fram afgreiðslur fjölskyldusviðs frá síðasta fundi.
3. Umsóknir um íbúð við Norðurbraut
4. Umsókn um íbúð í Nestúni.
5. Landsfundur jafnréttisnefnda - Kynning
6. Umsókn um stuðningsfjölskyldu
7. Önnur mál

Afgreiðslur.

1. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs bauð nýtt félagsmálaráð velkomið til starfa og afhenti og kynnti fundarmönnum erindisbréf fyrir félagsmálaráð ásamt skipuriti, samþykkt um stjórn Húnaþings vestra, síðareglur kjörinna fulltrúa og starfsmannastefnu. Einnig helstu reglugerðir og samþykktir sem heyra undir ráðið. Farið yfir ritun fundargerða hæfi og vanhæfi ofl. Þagnarheiti undirrituð. Samþykkt að fastur fundartími félagsmálaráðs verði síðasta miðvikudag í mánuði kl.10
Guðrún Ragnarsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs vék af fundi við lok þessa liðar
2. Umsóknir um fjárhagsaðstoð, sjá trúnaðarbók.
3. Úthlutun íbúðar að Norðurbraut 13, þrjár umsóknir bárust. Félagsmálaráð samþykkir að teknu tilliti til VI. kafla reglugerðar 873/2001 um úthlutun félagslegra leiguíbúða og stigagjafar skv. matsblaði, að úthluta Björt Jónsdóttur íbúðinni.
4. Úthlutun íbúðar í Nestúni, ein umsókn barst. Félagsmálaráð samþykkir að úthluta Jóhönnu Þórarinsdóttur íbúðinni.
5. Kynntur landsfundur jafnréttisnefndar.
6. Umsókn um stuðningsfjölskyldu frestað til næsta fundar.
7. Umsóknir um liðveislu, sjá trúnaðarbók.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 11:50

Sigrún Birna Gunnarsdóttir

Maríanna Eva Ragnarsdóttir

Guðmundur Haukur Sigurðsson

Sigríður E. Ársælsdóttir

Þorleifur Karl Eggertsson

Esther Hermannsdóttir